

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 35. fundur skólanefndar

11. desember 2007

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Pétur Ingi Guðmundsson, Ólína Kristinsdóttir, Eypór Benediktsson, Sigríður Finsen, Björg Ágústsdóttir, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Hreinn Þorkelsson áheyrnarfulltrúi kennara, Gísli Valur Arnarsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fundarritari.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

2. Ráðningar fyrir vorönn 2008

Auglýst var eftir eðlis- og efnafræðikennara í 50% stöðu. Alls bárust tvær umsóknir, önnur frá doktor í efnafræði og hin frá náttúrufræðikennara. Ráðið verður í stöðuna á næstu dögum.

3. Nemendatölur fyrir vorönn 2007

Alls hafa 217 nemendur sótt um skólagöngu á vorönn 2008. Nemendur voru 260 á haustönn 2007. Þessi fækkun milli anna er í samræmi við fyrri ár. Plássleysi sem áður hefur borið á góma ætti að vera úr sögunni, í bili. Á haustönn 2008 eru væntanlegir 4-5 nemendur á starfsbraut. Þessir nemendur myndu þurfa lokaða aðstöðu sem þarf að útbúa.

4. Niðurstöður frá fundunum þremur

Sigurborg frá Alta kynnti drög að niðurstöðum frá samráðsfundunum þremur. Hún greindi meginþunga þeirra skilaboða sem fram komu á fundunum þremur, frá starfsfólkinu, nemendum og öðrum velunnurum skólans. Skýrslan samanstendur af átta köflum. Kafli eitt og tvö eru inngangskaflar, kafli þrjú og fjögur byggja á spurningunum sem spurðar voru á fundunum. Kafli 3.3.1 og 3.3.2 þarf að skoða sérstaklega, það er hvað þarf að gæta og bæta. Þessa kafli þarf að skoða vel og skipuleggja hvernig verður framkvæmt. Í kafla 5.3 koma fram afgerandi skilaboð um að tengingu út í samfélagið sé ábótavant. Þessi tenging getur til dæmis verið með aukinni kynningu, markaðssetningu og samvinnu (kafla 5.5). Sjöundi kafli verður svo fullgerður eftir þennan fund en hann miðast að hvernig brugðist verður við þessum niðurstöðum. Skýrslan er aðgengileg á vef skólans.

Sigurborg talaði um mikilvægi þess að bregðast við þessum niðurstöðum. Hvernig þessari tengingu við samfélagið verði háttað. Ákveðin naflaskoðun þarf að eiga sér stað og við þurfum að ákveða hvernig við ætlum að útfæra það sem fram hefur komið á fundunum. Við þurfum að fylgja þessum fundum eftir.

Hugmyndir um viðbrögð voru ræddar:

Nokkuð hefur borið á því að nemendur og aðstandendur þeirra hafa verið að falast eftir því að rútuferðum verði fjölgað. Guðbjörg benti á að til dæmis væri hægt að láta hóp

af nemendum vinna það sem skólaverkefni að finna út hvort það sé framkvæmanlegt. Nemendurnir gætu þá rannsakað hvort grundvöllur sé fyrir fjölgun rútuferða með tilliti til kostnaðar og fleira.

Það þarf að senda bréf til þeirra sem fengu fundarboð þar sem sagt er frá helstu niðurstöðum fundanna og bent á skýrsluna. Við verðum að bregðast við fljótt og hamra járníð meðan það er heitt.

Það þarf að búa til einhver ákveðin tengsl við samfélagið sem fyrst, til dæmis í formi verkefna, fljótlega á vorönn. Hægt er að vinna þetta verkefni í samstarfi við sveitarfélögin og kynna þau vel. Jafnvel er hægt að hafa opinn dag á vorönn í samstarfi við fyrirtæki og samfélagið allt. Einhver laugardagur á vorönn væri tilvalin, til dæmis í mars fyrir páskafrí. Nemendur gætu þá kynnt skólaverkefni sín sem væru þá unnin í samstarfi við fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir og þess háttar út í bæ.

Sigríður Finsen ætlar að taka upp punktinn um færð á vegum yfir vetrartímann upp við stjórn sveitarfélaganna.

Nemendur virðast taka eftir því plássleysi sem virðist vera í FSN. Guðbjörg talar um að erfitt sé að bregðast við því, en jafnframt nauðsynlegt að taka til athugunar.

Þróunarstarfið sem hér fer fram verður að fá nauðsynlegt svigrúm.

Einnig kom upp sú hugmynd að opna skólann frekar fyrir almenningi til dæmis með opnum tónleikum í hádeginu. Starfsmenn, nemendur eða aðrir gætu komið fram og látið ljós sitt skína.

Það er alltaf hægt að bæta upplýsingaflæði, og hægt að framkvæma á marga vegu. Við þurfum að huga að almannatengslum skólans og ekki er hægt að nota sömu aðferð á alla markhópa. Ef til vill þarf að flokka tengslin út í samfélagið betur með vinnufundi. Það þarf að koma því inn í samfélagið að skólinn sé opinn öllum. Tengsl við forelda fara til dæmis fram í gegnum Innu. Það þarf að kenna foreldrum betur á kerfið. Nú eru kennarar farnir í auknum mæli að bæta við jákvæðum athugasemdum, ekki bara neikvæðum. Sterk tengsl við foreldra er ómetanlegur styrkur fyrir skólann. Foreldraráð í framhaldsskólum er skylda samkvæmt nýja framhaldsskólafrumvarpinu. Fyrst og fremst hjá þeim sem eru ólögráða. Foreldrastarfið þarf umfram allt að vera jákvætt og gefa foreldrum færi á að kynnast starfinu betur og hafa jákvæð viðhorf í garð skólans. Jákvætt viðhorf í garð skólans heima fyrir skiptir sköpum, fyrir alla aðila, það er nemendur, kennara, skólann og foreldra. Það þarf að skoða vel hvernig við viljum hafa þessi tengsl. Öflugt foreldrastarf gæti jafnvel hentað þessu námsstigi, það þarf að finna besta formið. Frumkvæði okkar er að ná í þessi tengsl og skapa velvilja í garð skólans. Það má kannski stofna vildarvinafélag skólans á opna deginum í mars. Einnig er gott bakland fólgið í gömlum nemendum, jubílantar.

Það þarf að finna einkunnarorð skólans. Þau mega ekki vera innihaldslaust rím heldur innihaldsrík og vísa til einhvers sem einkennir skólann.

Til þess að bæta aðstöðu nemenda væri hægt að leyfa nemendum að vinna svolítið sjálfir. Þeir mættu skipuleggja hvernig bæta má núverandi aðstöðu. Hægt væri að gera vinnustaðinn svolítið hlýlegri með ljóðum á veggjum. Ekki mættu þessi ljóð vera innantómir frasar heldur dýpri og með tengingu í þjóðarsálina, eins og Hávamál. Þeirra val yrði svo sett á veggina og listsköpun þeirra fengi að njóta sín.

4. Önnur mál

Litið var yfir helstu breytingar framhaldsskólafrumvarpsins. En framhaldsskólafrumvarpið boðar nýja menntastefnu með minni miðstýringu ráðuneytis og meira vald falið framhaldsskólunum (skólameisturunum) sjálfum.

- Framhaldsskólarnir fá aukið svigrúm og geta nú mótað sínar eigin námsbrautir. Kjarninn samanstendur af íslensku, ensku og stærðfræði en annað er nokkuð frjálst. Þó þarf ráðuneytið að samþykkja allar nýjar námsbrautir. Guðbjörg telur mikilvægt að þróa þessar námsbrautir í samvinnu við vinaskóla okkar, það er Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóli Suðurlands.
- Búið er að setja inn fræðsluskyldu fyrir þá sem ekki hafa náð 18 ára aldri. Réttur nemandans hefur verið aukinn en hvernig það verður útfært mun koma í ljós.
- Nú er orðin skylda að allir kennarar hafi lokið fimm árum í háskóla, samanber mastersgráða.
- Ábyrgð framhaldsskóla hefur verið aukin yfir iðn- og verknámi. Framhaldsskólar munu nú sjá um að fylgja iðnnemum frekar eftir og sjá um starfssamninga.

4.1.

Guðbjörg skýrði frá því að Guðmundur Smári væri í vinnumálanefnd fyrir Vesturland. Þessi nefnd er tilbúinn til þess að styrkja ákveðin verkefni. Úthlutun nefndarinnar nemur 2 milljónum fyrir 2007, og aftur 2 milljónum 2008. Þetta er ánægjulegt umhugsunarefni fyrir FSN og þurfum við að leggja höfuðið í bleyti í hvað þetta styrktarfé færi og hvernig sótt yrði um. Jafnvel hugmynd um hvort verknámsstofa gæti orðið að veruleika. Ákveðin vandkvæði fylgja því rými sem við höfum hugsað um sem verknámsstofu. Rýmið niðri í kjallara hefur lofthæð 2,25 m í stað 2,50. Þetta rými er um 150-200 m². Guðbjörg hefur tekið að sér að bera erindið undir heilbrigðisfulltrúa Vesturlands.

5. Næsta skref

Næsta skref er að tala við kennara og útbúa grófan ramma um viðbrögð við skýrslu Sigurborgar fyrir næsta skólanefndarfund, sem verður fljótlega í janúar. Skýrslu Sigurborgar um niðurstöðu fundanna þarf að setja á netið sem fyrst. Það þarf að lesa skýrsluna með það í huga hvað þurfi að gera næst. Bréf til foreldra og annarra sem boðaðir voru á opna fundinn verða send út fljótlega eftir áramót.

Fundi slitið kl. 18:30. Næsti fundur ákveðinn eftir áramót.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir mun boða til fundarins þegar nær dregur.

Þessum fundi var slitið með orðum Hreins:

Barnastjórnuþraut er þung;

þess er órækt vitn'í

hve sokkin djúpt er sæt og ung

söngvastelpan Britney.